

Bæjarráð Garðabæjar
Garðatorgi 7
210 GARÐABÆR

Garðabæ, 10. júlí 2015
Mál nr. 1501381

Efni: Opinn fundur um menningarmál - niðurstöður fundar

Menningar- og safnanefnd stóð fyrir opnum fundi um menningarmál miðvikudaginn 29. apríl 2015 í safnaðarheimili Vídalínskirkju. Um 60 manns mættu og tóku þátt í umræðum um hvernig megi efla og bæta menningarlífið í Garðabæ. Meðfylgjandi eru flokkaðar niðurstöður fundarins sendar bæjarráði til kynningar. Niðurstöðurnar verða jafnframt birtar á vef Garðabæjar.

Menningar- og safnanefnd mun taka niðurstöður fundarins til nánari skoðunar við mótun aðgerðaáætlunar Garðabæjar í menningarmálum til næstu ára en nefndin áformar að hefja þá vinnu í haust.

Virðingarfyllst,

Hulda Hauksdóttir
upplýsinga- og menningarfulltrúi